

# Reykhólahreppur

## Íþróttahúsið á Reykhólum REGLUR UM ÚTLEIGU

*Reglur um leigu  
á íþróttasal Reykhólahrepps til íþróttar-, ungmenna- og félagsstarfs og heilsuefningar*

### 1. gr. Leiga

Íþróttasalur Reykhólahrepps er leigður út á þeim tímum sem Reykhólaskóli notar ekki húsnæðið, eða að jafnaði frá kl. 18 til 22 virka daga og frá kl. 13 til 18 um helgar. Hann býðst því íþróttafélögum, félagsamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Hver tími telst 60 mínútur.

### 2. gr. Umsjón

Skrifstofa Reykhólahrepps sér um leigu salar, tekur við tímapöntunum og gerir tillögur um útleigu salarins. Lykill er afhentur á skrifstofu og þar er tekið við greiðslu. Þar fást einnig umsóknareyðublöð.

### 3. gr. Ábyrgðarmaður leigutaka

Leigutaki (18 ára eða eldri) skal ávallt vera ábyrgðarmaður fyrir hverjum þeim tíma sem leigður er þegar óskað er eftir salnum til útleigu. Ábyrgðarmaður skal ávallt mæta í upphafi hvers tíma og vera til staðar í húsinu þann tíma sem íþróttasalur er leigður. Ábyrgðarmaður leigutaka skal tryggja að þeir sem nota salinn á hans vegum sýni háttsemi og fari að húsreglum. Hann skal fara að húsreglum varðandi umgengni og annað er varðar hið leigða húsnæði. Ábyrgðarmaður leigutaka skal sjá um að í lok leigðs tíma sé íþróttasal, búningsherbergjum og snyrtingum skilað í því ástandi að næsti hópur geti tekið við húsinu. Ábyrgðarmaður skal tryggja snyrtilegan viðskilnað og að húsið sé læst eftir að notkun lýkur.

### 4. gr. Dagbók

Á skrifstofu Reykhólahrepps er færð dagbók. Í dagbókina er skráð hvaða tíma dags leiga fer fram og hver er leigutaki. Ábyrgðarmaður kvittar fyrir leigðum tíma ásamt fulltrúa Reykhólahrepps.

## **5. gr. Niðurröðun tíma**

Eftir því sem kostur er verður reynt að haga útleigu salar þannig að leigðir tímar verði eins samfelldir og mögulegt er.

## **6. gr. Leigðir tímar**

Leigufyrirkomulag salarins er með þrennum hætti og heldur skrifstofan tímatöflu yfir leigða tíma.

### *6.1 Stakir tímar.*

Leigðir eru stakir tímar og skal panta þá á skrifstofu með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

### *6.2 Reglulegir tímar einn mánuð í senn.*

Leigðir eru reglulegir tímar einn mánuð í senn og skal panta þá hjá skrifstofu Reykhólahrepps. Átt er við tíma í íþróttasal fjórar vikur í senn á sömu tímum í viku hverri.

### *6.3 Reglulegir tímar í þrjá mánuði eða meira.*

Leigðir eru reglulegir tímar a.m.k. þrjá mánuði í senn eða lengur.

## **7. gr. Styrkur til leigutaka**

Íþróttafélög eða félagasamtök með reglulega starfsemi sem eru með aðsetur í Reykhólahreppi geta óskað styrks frá hreppnum vegna tíma í íþróttasal, sem eru fyrir almenning, börn og unglinga. Slík umsókn skal berast sveitarstjóra og skal um hana fjallað í hreppsnefnd.

– *Reglur þessar voru samþykktar á fundi félagsmála- og jafnréttisnefndar Reykhólahrepps 21. sept. 2006.*